

AUGLÝSING

um samning um breytingu bókunar við samning milli Íslands og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Með orðsendingaskiptum í Vín 12. mars 2005 og 15. mars 2010 var gengið frá samningi um breytingu á bókun við samning, sem gerður var 7. júlí 1972, milli Íslands og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum frá 1. júlí 1968, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1972 þar sem samningurinn frá 7. júlí 1972 er birtur og nr. 15/1969 þar sem samningurinn frá 1. júlí 1968 er birtur.

Samningurinn öðlaðist gildi 15. mars 2010 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****Í FORMI ORÐSENDINGASKIPTA MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG ALÞJÓÐAKJARNORKUMÁLASTOFNUNARINNAR UM BREYTINGU BÓKUNAR VIÐ SAMNING MILLI ÍSLANDS OG ALÞJÓÐAKJARNORKUMÁLASTOFNUNARINNAR UM ÖRYGGISREGLUR Í SAMRÆMI VIÐ SAMNINGINN UM AÐ DREIFA EKKI KJARNAVOPNUM**

A. Orðsending frá Alþjóðakjarnorkumálastofnunni.

Vín 12. desember 2005

Herra,

Mér veitist sá heiður að vísa í samninginn milli ríkisstjórnar yðar og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum og í bókunina við hann (hér á eftir nefnd „bókunin um takmarkað magn“), sem öðluðust gildi hinn 16. október 1974, sem og í ákvörðun stjórnar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá 20. september 2005 sem varðar slíkar bókanir.

Í skýrslu sinni, sem ber yfirskriftina „Efling framkvæmdar á öryggisreglum í ríkjum sem hafa gengið frá bókunum um takmarkað magn“, vakti aðalframkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, Dr. Mohamed ElBaradei, athygli á því að stofnunin þarf að fá í hendur frumskýrslur um kjarnakleyf efni, afla sér upplýsinga um fyrirhugaðar eða fyrirbyggjandi kjarnorkustöðvar og vera fær um að sinna eftirlitsstarfsemi á vettvangi, ef þörf krefur, í öllum ríkjum sem hafa gert heildarsamninga um öryggisreglur. Hann útskýrði að sem stendur stæðu bókanirnar um takmarkað magn í vegi fyrir slíkum heimildum.

Stjórnin var sammála mati aðalframkvæmdastjórans og ályktaði, á grundvelli skýrslu hans, að í núverandi mynd væri bókunin um takmarkað magn veikleiki í öryggiskerfi stofnunarinnar. Hún ákvað að bókunin um takmarkað magn skyldi áfram vera hluti af öryggiskerfi stofnunarinnar, með fyrirvara um breytingar á staðlaða textanum og breytingu á viðmiðunum fyrir bókun um takmarkað magn, eins og lagt var til í skýrslu aðalframkvæmdastjórans. Einnig ákvað stjórnin að héðan í frá myndi hún einungis samþykka texta fyrir slíkar bókanir sem væru byggðir á endurskoðuðum stöðluðum texta og með fyrirvara um breyttar viðmiðanir.

Stjórnin veitti aðalframkvæmdastjóranum heimild til að koma á samkomulagi með bréfaskiptum við öll ríki sem hafa gengið frá bókunum um takmarkað magn til að koma endurskoðaða staðlaða textanum og viðmiðununum í framkvæmd og hvatti hlutaðeigandi ríki til að ganga frá slíkum bréfaskiptum eins fljótt og unnt er.

Því er lagt til að I-lið í bókuninni um takmarkað magn verði breytt sem hér segir:

- I. 1) Þar til Ísland
 - a) hefur, í friðsamlegri kjarnorkustarfsemi innan yfirráðasvæðis síns eða lögsögu sinnar eða sem lýtur yfirráðum þess hvar sem er, kjarnakleyft efni í magni sem fer yfir mörkin sem tilgreind eru fyrir viðkomandi tegund efnis í 36. gr. samningsins milli Íslands og stofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum (hér á eftir nefndur „samningurinn“) eða
 - b) hefur tekið ákvörðun um að byggja, eða heimila byggingu á, stöð eins og skilgreint er í skilgreiningunum, skal fresta framkvæmd ákvæða II. hluta samningsins, að 32.–38., 40., 48., 49., 59., 61., 67., 68., 70., 72.–76., 82., 84.–90., 94. og 95. gr. undanskildum.
- 2) Upplýsingum, sem ber að veita skv. a- og b-lið 33. gr. samningsins, má steypa saman og leggja fram í árlegri skýrslu; á sama hátt skal leggja fram árlega skýrslu, ef við á, að því er varðar inn- og útflutning á kjarnakleyfu efni sem lýst er í c-lið 33. gr.
- 3) Til að gera það kleift að ganga tímanlega frá viðbótarsamkomulaginu, sem kveðið er á um í 38. gr. samningsins, skal Ísland

- a) tilkynna stofnuninni með hæfilegum fyrirvara um að það hafi kjarnakleyft efni í friðsamlegri kjarnorkustarfsemi innan yferráðasvæðis síns eða lögsögu sinnar eða sem lýtur yferráðum þess hvar sem er, í magni sem fer yfir mörkin, eins og um getur í 1. þætti þessarar bókunar eða
- b) tilkynna stofnuninni um leið og ákvörðun um að byggja, eða heimila byggingu á, stöð hefur verið tekin, hvort sem ber fyrir að.

Fallist ríkisstjórn yðar á þessa tillögu skal bréf þetta og svar ríkisstjórnar yðar til staðfestingar vera ígildi samnings milli Íslands og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um að breyta bókuninni um takmarkað magn til samræmis við það og skulu breytingar á henni öðlast gildi sama dag og stofnunin tekur á móti svarinu.

Vilmos Cserevny
Skrifstofustjóri
Skrifstofa samskipta við ríki utan ESB og stefnusamræmingu
fyrir hönd aðalframkvæmdastjóra

B. Orðsending frá ríkisstjórn Íslands.

Vín, 15. mars 2010

Mér veitist sá heiður að vísa í svohljóðandi bréf Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá 12. desember 2005:

„Herra,

Mér veitist sá heiður að vísa í samninginn milli ríkisstjórnar yðar og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum og í bókunina við hann (hér á eftir nefnd „bókunin um takmarkað magn“), sem öðluðust gildi hinn 16. október 1974, sem og í ákvörðun stjórnar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá 20. september 2005 sem varðar slíkar bókanir.

Í skýrslu sinni, sem ber yfirskriftina „Efling framkvæmdar á öryggisreglum í ríkjum sem hafa gengið frá bókunum um takmarkað magn“, vakti aðalframkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, Dr. Mohamed ElBaradei, athygli á því að stofnunin þarf að fá í hendur frumskýrslur um kjarnakleyf efni, afla sér upplýsinga um fyrirhugaðar eða fyrirliggjandi kjarnorkustöðvar og vera fær um að sinna eftirlitsstarfsemi á vettvangi, ef þörf krefur, í öllum ríkjum sem hafa gert heildarsamninga um öryggisreglur. Hann útskýrði að sem stendur stæðu bókanirnar um takmarkað magn í vegi fyrir slíkum heimildum.

Stjórnin var sammála mati aðalframkvæmdastjórans og ályktaði, á grundvelli skýrslu hans, að í núverandi mynd væri bókunin um takmarkað magn veikleiki í öryggiskerfi stofnunarinnar. Hún ákvað að bókunin um takmarkað magn skyldi áfram vera hluti af öryggiskerfi stofnunarinnar, með fyrirvara um breytingar á staðlaða textanum og breytingu á viðmiðunum fyrir bókun um takmarkað magn sem lagðar voru til í skýrslu aðalframkvæmdastjórans. Einnig ákvað stjórnin að héðan í frá myndi hún einungis samþykkja texta fyrir slíkar bókanir sem væru byggðir á endurskoðuðum stöðluðum texta og með fyrirvara um breyttar viðmiðanir.

Stjórnin veitti aðalframkvæmdastjóranum heimild til að koma á samkomulagi með bréfaskiptum við öll ríki sem hafa gengið frá bókunum um takmarkað magn til að koma endurskoðaða staðlaða textanum og breyttu viðmiðunum í framkvæmd og hvatti hlutaðeigandi ríki til að ganga frá slíkum bréfaskiptum eins fljótt og unnt er.

Því er lagt til að I-lið í bókuninni um takmarkað magn verði breytt sem hér segir:

II. 1) Þar til Ísland

- a) hefur, í friðsamlegri kjarnorkustarfsemi innan yfirráðasvæðis síns eða lögsögu sinnar eða sem lýtur yfirráðum þess hvar sem er, kjarnakleyft efni í magni sem fer yfir mörkin sem tilgreind eru fyrir viðkomandi tegund efnis í 36. gr. samningsins milli Íslands og stofnunarinnar um öryggisreglur í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum (hér á eftir nefndur „samningurinn“) eða
 - b) hefur tekið ákvörðun um að byggja, eða heimila byggingu á, stöð eins og skilgreint er í skilgreiningunum, skal fresta framkvæmd ákvæða II. hluta samningsins, að 32.–38., 40., 48., 49., 59., 61., 67., 68., 70., 72.–76., 82., 84.–90., 94. og 95. gr. undanskildum.
- 2) Upplýsingum, sem ber að veita skv. a- og b-lið 33. gr. samningsins, má steypa saman og leggja fram í árlegri skýrslu; á sama hátt skal leggja fram árlega skýrslu, ef við á, að því er varðar inn- og útflutning á kjarnakleyfu efni sem lýst er í c-lið 33. gr.
 - 3) Til að gera það kleift að ganga tímanlega frá viðbótarsamkomulaginu, sem kveðið er á um í 38. gr. samningsins, skal Ísland
 - a) tilkynna stofnuninni með hæfilegum fyrirvara um að það hafi kjarnakleyft efni í friðsamlegri kjarnorkustarfsemi innan yfirráðasvæðis síns eða lögsögu sinnar eða sem lýtur yfirráðum þess hvar sem er, í magni sem fer yfir mörkin, eins og um getur í 1. þætti þessarar bókunar, eða

b) tilkynna stofnuninni um leið og ákvörðun um að byggja, eða heimila byggingu á, stöð hefur verið tekin, hvort sem ber fyrir að.

Fallist ríkisstjórn yðar á þessa tillögu skal bréf þetta og svar ríkisstjórnar yðar til staðfestingar vera ígildi samnings milli Íslands og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um að breyta bókuninni um takmarkað magn til samræmis við það og skulu breytingar á henni öðlast gildi sama dag og stofnunin tekur við svarinu.“

Með tilliti til þessa er það mér ánægja að tilkynna yður að ríkisstjórn Íslands fellst á framangreinda skilmála.

Ég votta yður, herra, mína fyllstu virðingu.

Stefán Skjaldarsson
Fastafulltrúi Íslands
gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni

**AGREEMENT IN THE FORM OF EXCHANGE OF NOTES BETWEEN THE
GOVERNMENT OF ICELAND AND THE INTERNATIONAL ATOMIC ENERGY
AGENCY TO AMEND THE PROTOCOL TO THE AGREEMENT BETWEEN ICELAND
AND THE INTERNATIONAL ATOMIC AGENCY FOR THE APPLICATION OF
SAFEGUARDS IN CONNECTION WITH THE TREATY ON THE NON-
PROLIFERATION OF NUCLEAR WEAPONS**

A. Note from the International Atomic Energy Agency.

Vienna 12 December 2005

Sir,

I have the honour to refer to the Agreement between your Government and the International Atomic Energy Agency (IAEA) for the Application of Safeguards in Connection with the Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, and to the Protocol thereto (hereinafter referred to as “the Small Quantities Protocol”), which entered into force on 16 October 1974, as well as to the decision of the IAEA Board of Governors of 20 September 2005 related to such protocols.

In his report entitled “Strengthening safeguards implementation in States with Small Quantities Protocols”, the IAEA Director General, Dr Mohamed ElBaradei, drew attention to the Agency’s need to receive initial reports on nuclear material, to obtain information on planned or existing nuclear facilities; and to be able to perform inspection activities in the field, if required, for all States with comprehensive safeguards agreements. He explained that the Small Quantities Protocols currently had the effect of holding such authority in abeyance.

The Board agreed with the Director General’s assessment and, on the basis of the Director General’s report, concluded that the Small Quantities Protocol in its present form was a weakness in the Agency’s safeguards system. It decided that the Small Quantities Protocol should remain part of the Agency’s safeguards system, subject to the modifications in the standardized text and the change in the criteria for a Small Quantities Protocol as proposed in the Director General’s report. The Board also decided that, henceforth, it would approve only texts for such protocols based on a revised standardized text and subject to modified criteria.

The Board authorized the Director General to conclude with all States with Small Quantities Protocols exchanges of letters giving effect to the revised standardized text and the modified criteria, and called on the States concerned to conclude such exchanges of letters as soon as possible.

It is therefore proposed that paragraph I of the Small Quantities Protocol be amended to read as follows:

- I. (1) Until such time as Iceland
- (a) Has, in peaceful nuclear activities within its territory or under its jurisdiction or control anywhere, nuclear material in quantities exceeding the limits stated, for the type of material in question, in Article 36 of the Agreement between Iceland and the Agency for the Application of Safeguards in Connection with the Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons (hereinafter referred to as “the Agreement”), or
 - (b) Has taken the decision to construct or authorize construction of a facility, as defined in the Definitions,
the implementation of the provisions in Part II of the Agreement shall be held in abeyance, with the exception of Articles 32-38, 40, 48, 49, 59, 61, 67, 68, 70, 72-76, 82, 84-90, 94 and 95.
- (2) The information to be reported pursuant to paragraphs (a) and (b) of Article 33 of the Agreement may be consolidated and submitted in an annual report; similarly, an annual report shall be submitted, if applicable, with respect to the import and export of nuclear material described in paragraph (c) of Article 33.
- (3) In order to enable the timely conclusion of the Subsidiary Arrangements provided for in Article 38 of the Agreement, Iceland shall

- (a) Notify the Agency sufficiently in advance of its having nuclear material in peaceful nuclear activities within its territory or under its jurisdiction or control anywhere in quantities that exceed the limits, as referred to in section 1 hereof, or
 - (b) Notify the Agency as soon as the decision to construct or to authorize construction of a facility has been taken,
- whichever occurs first.

If this proposal is acceptable to your Government, this letter and your Government's affirmative reply shall constitute an agreement between Iceland and the IAEA to amend the Small Quantities Protocol accordingly, which amendments shall enter into force on the date that the Agency receives that reply.

Vilmos Cserveny
Director
Office of External Relations and Policy
Coordination
for DIRECTOR GENERAL

B. Note from the Government of Iceland.

I have the honour to refer to the IAEA's letter of 12 December 2005 which reads as follows:

Vienna 15 March 2010

“Sir,

I have the honour to refer to the Agreement between your Government and the International Atomic Energy Agency (IAEA) for the Application of Safeguards in Connection with the Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, and to the Protocol thereto (hereinafter referred to as “the Small Quantities Protocol”), which entered into force on 16 October 1974, as well as to the decision of the IAEA Board of Governors of 20 September 2005 related to such protocols.

In his report entitled “Strengthening safeguards implementation in States with Small Quantities Protocols”, the IAEA Director General, Dr Mohamed ElBaradei, drew attention to the Agency's need to receive initial reports on nuclear material, to obtain information on planned or existing nuclear facilities; and to be able to perform inspection activities in the field, if required, for all States with comprehensive safeguards agreements. He explained that the Small Quantities Protocols currently had the effect of holding such authority in abeyance.

The Board agreed with the Director General's assessment and, on the basis of the Director General's report, concluded that the Small Quantities Protocol in its present form was a weakness in the Agency's safeguards system. It decided that the Small Quantities Protocol should remain part of the Agency's safeguards system, subject to the modifications in the standardized text and the change in the criteria for a Small Quantities Protocol as proposed in the Director General's report. The Board also decided that, henceforth, it would approve only texts for such protocols based on a revised standardized text and subject to modified criteria.

The Board authorized the Director General to conclude with all States with Small Quantities Protocols exchanges of letters giving effect to the revised standardized text and the modified criteria, and called on the States concerned to conclude such exchanges of letters as soon as possible.

It is therefore proposed that paragraph I of the Small Quantities Protocol be amended to read as follows:

- I. (1) Until such time as Iceland
 - (a) Has, in peaceful nuclear activities within its territory or under its jurisdiction or control anywhere, nuclear material in quantities exceeding the limits stated, for the type of material in question, in Article 36 of the Agreement between Iceland and the Agency for

- the Application of Safeguards in Connection with the Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons (hereinafter referred to as “the Agreement”), or
- (b) Has taken the decision to construct or authorize construction of a facility, as defined in the Definitions,
- the implementation of the provisions in Part II of the Agreement shall be held in abeyance, with the exception of Articles 32-38, 40, 48, 49, 59, 61, 67, 68, 70, 72-76, 82, 84-90, 94 and 95.
- (2) The information to be reported pursuant to paragraphs (a) and (b) of Article 33 of the Agreement may be consolidated and submitted in an annual report; similarly, an annual report shall be submitted, if applicable, with respect to the import and export of nuclear material described in paragraph (c) of Article 33.
- (3) In order to enable the timely conclusion of the Subsidiary Arrangements provided for in Article 38 of the Agreement, Iceland shall
- (a) Notify the Agency sufficiently in advance of its having nuclear material in peaceful nuclear activities within its territory or under its jurisdiction or control anywhere in quantities that exceed the limits, as referred to in section 1 hereof, or
- (b) Notify the Agency as soon as the decision to construct or to authorize construction of a facility has been taken,
- whichever occurs first.

If this proposal is acceptable to your Government, this letter and your Government’s affirmative reply shall constitute an agreement between Iceland and the IAEA to amend the Small Quantities Protocol accordingly, which amendments shall enter into force on the date that the Agency receives that reply.”

In this regard, I am pleased to inform you that the Government of Iceland accepts the aforementioned terms.

Accept, Sir, the assurances of my highest consideration

Stefán Skjaldarson
Permanent Representative of Iceland
to the IAEA

C-deild – Útgáfudagur: 20. október 2023